

Skipulags- og byggingarfulltrúi Bogi Kristinn Magnúsen
Miðbraut 11
370 Búðardalur



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 21. júní 2012
Tilvísun: UST20120400102/ksj

Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Reykhólahrepps 2006 - 2018. Umsögn

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Dala- og Barðastrandasýslu og Árneshrepps í Strandasýslu er barst 18. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar um tillögu að breyttu aðalskipulagi Reykhólahrepps 2006 – 2018.

Frístundabyggð

Í dag eru innan jarðarinnar Þórisstaðir tvö frístundahús, tillaga að breytingu á aðalskipulagi Reykhólahrepps 2006 - 2018 gerir ráð fyrir að á jörðinni verði alls 14 frístundalóðir.

Breytingar á aðalskipulagi Reykhólahrepps 2006 – 2018.

Þar sem svæði neðan 200 m yfir sjávarmáli í landi Þórisstaða eru skilgreind sem landbúnaðarsvæði, og áætlað er að fyrirhuguð frístundabyggð verði neðan 200 m yfir sjávarmáli, þarf að gera breytingu á gildandi aðalskipulagi Reykhólahrepps.

Náttúruminjasvæði og náttúruvernd

Fram kemur í tillögu að breytingu á aðalskipulagi Reykhólahrepps 2006 – 2018 að í aðalskipulaginu séu markmið fyrir svæði undir frístundabyggð m.a. þau að: *"gæta skal umhverfissjónarmiða við skipulagningu nýrra svæða."* Umhverfisstofnun tekur undir markmiðið og eftirfarandi leiðir að því, er einnig koma fram í aðalskipulagi Reykhólahrepps 2006 - 2018: *„Áður en deiliskipulagsvinna hefst skal gera úttekt á fornminjum á viðkomandi svæði og leita umsagnar Fornleifaverndar ríkisins. Gera skal úttekt á náttúrfari áður en deiliskipulagsvinna hefst til að koma í veg fyrir að mikilvæg gróðursvæði s.s. votlendi eða tegundir á valista verði fyrir áhrifum framkvæmda. Þar sem frístundabyggð er þegar á svæði sem vaxin eru upprunalegu birkikjarri skal gæta þess að ekki verði hrufað við birkiskógum við frekari framkvæmdir. Ný frístundabyggðasvæði skulu vera fyrir utan eða í jaðri náttúrulegra birkiskóga eða kjarri vaxinna staða. Reykhólahreppur mun hafa framkvæði að því að bjóða upp á lóðir undir frístundabyggð."*

Um leið og Umhverfisstofnun tekur undir ofangreind markmið og þær leiðir að því er fram

koma í aðalskipulaginu, þá bendir stofnunin á lög nr. 54/1995 um verndun Breiðafjarðar en tilgangur laganna er að stuðla að verndun Breiðafjarðar, einkum landslags, jarðmyndana, líffrískis og menningarminja. Fjörur við Þorskafjörð falla undir þau svæði er ofangreind lög ná til.

Einnig bendir Umhverfisstofnun á að *norðurströnd Þorskafjarðar og fjörur í Djúpafirði*, Reykhólahreppi A-Barðastrandasýslu eru svæði nr. 303 á náttúruminjaskrá. Í skránni segir um svæðið: „*Fjörur, fitjar og sjávarstjarnir frá Teigsskóg að Grónesi. Auk þess skóglendi á norðurströnd Þorskafjarðar milli Teigsskóga og Hallsteinsness. Viðlendar og lífauðugar fjörur með miklu fuglalífi. Þéttur skógur og gott sýnishorn af landslagi við norðanverðan Breiðafjörð.*“

Þar sem væntanleg frístundabyggð er á svæði þar sem er mikið um náttúrulegt birkikjarr á Barðaströnd vill Umhverfisstofnun minna á að í stefnumörkun íslenskra stjórnvalda til sjálfbærrar þróunar til ársins 2020 (Velferð til framtíðar: Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi) eru skilgreind markmið á sviði sjálfbærrar þróunar og leiðir að þeim markmiðum. Eitt þessara markmiða er að forðast verði eins og kostur er að skerða frekar votlendi, birkiskóga og önnur lykilvistkerfi Íslands. Í umfjöllun um leiðir að markmiðum segir m.a.: „*Áhersla verði lögð á að vernda þær vistgerðir sem hefur verið raskað hvað mest á grunni vinnu við að skilgreina og kortleggja vistgerðir á Íslandi. Forgangsmál í því sambandi eru m.a. votlendi og birkiskógar.*“ Samkvæmt stefnumörkuninni skal einnig stefna að því að hafnar verði markvissar tilraunir og aðgerðir við endurheimt birkiskóga. Þar sem mikilvægum vistkerfum er raskað með framkvæmdum skal vera almenn regla að framkvæmdaraðili reyni að endurheimta sambærileg landsvæði.

Í skýrslu frá umhverfisráðuneytinu frá mars 2007, sem ber heitið „*Vernd og endurheimt íslenskra birkiskóga*“ kemur fram að „*hinn 15. júní 2006 skipaði umhverfisráðherra nefnd sem var falið:*

- Að kortleggja ógnir sem steðja að íslenskum birkiskógum*
- Að móta tillögur um hvernig megi efla vernd og endurheimt birkiskóga á Íslandi*
- Að gera tillögur að leiðbeiningum vegna athafna sem hafa áhrif á birkiskóga.*“

Í áður nefndri skýrslu kemur fram að nefndin leggur áherslu á að „*Unnið verði áfram að friðun birkiskóga í samræmi við verndartillögur á Náttúruverndaráætlun 2004-2008*“.

Einnig kemur fram að nefndin leggur til að „*Sett verði opinbert markmið um að birkiskógar þeki í framtíðinni 10% af flatarmáli landsins*“ og að „*Við endurheimt birkiskóga verði lögð áhersla á stór, samfelld svæði.*“

Í skýrslu umhverfisráðuneytisins kemur enn fremur fram að meðal helstu ógna sem steðja að íslenskum birkiskógum sé að „*birkiskógum er raskað eða eytt vegna framkvæmda og má í því tilliti nefna ruðning birkiskóga vegna vegagerðar, stækkunar þéttbýlis og frístundabyggðar*“.

Í niðurlagi skýrslunnar eru tillögur ásamt greinargerð þar sem segir „*Fyrir framtíð birkivistkerfisins á Íslandi telur nefndin mikilvægt að vernda birkiskóga sem fyrir eru og auka útbreiðslu þeirra.*“ Lögð er áhersla á að „*Gamlir íslenskir birkiskógar eru auðlind, sem fela í sér bæði náttúru og nýtingararfleifð sem ekki er annars staðar að finna.*“

Ljóst er því að stjórnvöld hafa miklar áhyggjur af þróun birkiskóga hér á landi, og að lögð er mikil áhersla á verndun þeirra og endurheimt. Með framangreindri stefnumörkun hafa stjórnvöld markað stefnu um verndun birkiskóga, samanber 39. gr laga nr. 44/1999 um náttúruvernd. Með tilliti til þess telur Umhverfisstofnun að skipuleggja eigi svæði fyrir

frístundabyggð utan náttúrulegra birkiskóga og kjarri vaxinna svæða, en ekki innan þeirra. Mótvægisáðgerðir eða uppgræðsla í stað þeirra vistkerfa sem raskast bæta aldrei fyrir þann skaða sem verður vegna framkvæmda og því telur Umhverfisstofnun að leggja beri áherslu á verndun vistkerfa sem hafa verndargildi þ.m.t. birkiskóga.


Einnig bendir Umhverfisstofnun á lög nr. 44/1999 um náttúruvernd, en í 37. gr. ofangreindra laga kemur fram hvaða vistkerfi og jarðmyndanir njóta sérstakrar verndar og skal ekki raska þeim ef þess er nokkur kostur.


Athygli vekur að á uppdrætti með tillögu að breyttu aðalskipulagi Reykhólahrepps 2006 – 2018 kemur fram að skráning fornleifa muni fara fram á deiliskipulagsstigi, en ekkert kemur fram um úttekt á náttúruminum og telur Umhverfisstofnun mikilvægt að gerð sé slík úttekt sem stuðlar að upplýstum ákvarðanatökum.

Niðurstaða

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að við deiliskipulagningu frístundabyggðar í landi Þórisstaða verði tekið tillit til ofangreindra náttúruminja og forðast rask á þeim ef þess er nokkur kostur. Að mati Umhverfisstofnunar ætti í skilmálum frístundabyggða að koma fram að forðast skuli ruðning á upprunalegum birkiskógi og að byggingarstaðir og veglínur verði valdar þannig að birkiskógi verði ekki raskað. Umhverfisstofnun bendir á að nýta ætti þegar röskuð svæði fyrir frístundabyggð ef þess er kostur. Einnig bendir stofnunin á að mikilvægt er að vel sé gengið frá allri fráveitu sbr. reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólþ.

Virðingarfyllt


Aðalbjörg B. Guttormsdóttir
Deildarstjóri


Kristín S. Jónsdóttir
Sérfræðingur

Skipulagsstofnun